

Þingsályktun

um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022.

Alþingi ályktar, sbr. 10. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, að eftirfarandi breytingar verði gerðar á ályktun Alþingis um fjármálastefnu fyrir árin 2018–2022, sbr. þingsályktun nr. 10/148, eins og henni var breytt með þingsályktun nr. 46/149:

1. Í stað töflu um stefnumið í opinberum fjármálum fyrir árin 2018–2022 komi eftirfarandi tafla:

Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %	2018	2019	2020	2021	2022
Hið opinbera, A-hluti					
Heildarafkoma	1,4	-0,8	-14,5	-13,0	-10,5
þar af ríkissjóður, A-hluti	1,2	0,0	-11,0	-9,0	-7,0
þar af sveitarfélög, A-hluti	0,2	0,0	-1,5	-1,0	-0,5
óvissusvigrúm	-	-0,8	-2,0	-3,0	-3,0
Skuldir*	33,8	30,0	45,0	55,0	64,0
þar af ríkissjóður, A-hluti	27,5	23,4	38,0	47,0	56,0
þar af sveitarfélög, A-hluti	6,3	6,6	7,0	8,0	8,0
Opinberir aðilar í heild					
Heildarafkoma	2,9	0,0	-15,5	-13,0	-10,0
þar af hið opinbera, A-hluti	1,4	-0,8	-14,5	-13,0	-10,5
þar af fyrirtæki hins opinbera	1,5	0,8	-1,0	0,0	0,5
Skuldir*	59,8	54,0	70,0	79,0	87,5
þar af hið opinbera, A-hluti	33,8	30,0	45,0	55,0	64,0
þar af fyrirtæki hins opinbera	26,0	24,0	25,0	24,0	23,5

* Heildarskuldir, að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádregnum sjóðum og bankainnstæðum, sbr. 7. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál.

2. Liðir I og II orðist svo:

- I. Halli á heildarjöfnuði A-hluta hins opinbera verði að hámarki 14,5% af VLF árið 2020, 13% af VLF árið 2021 og 10,5% af VLF árið 2022 að meðtöldu óvissusvigrúmi, sbr. lið V.
- II. Heildarskuldir hins opinbera verði ekki hærri en 64% af VLF í árslok 2022.

3. Liðir IV og V orðist svo:

IV. Árleg markmið um halla á afkomu hins opinbera í töflu hér á undan eru hámarks-
viðmið að viðbættu sérstöku svigrúmi, sbr. lið V. Reynist hagvöxtur verða talsvert
meiri en endurskoðuð fjármálastefna miðast við, og tekjur hins opinbera aukast í
sama mæli, er gert ráð fyrir því að heildarjöfnuður batni sem því nemur.

V. Tölusett markmið um afkomu hins opinbera í töflu hér á undan fela í varfærnissskyni
í sér svigrúm sem getur numið allt að 2% af VLF árið 2020 og 3% af VLF árin 2021
og 2022 gagnvart þeim markmiðum um heildarafkomu hins opinbera sem sett verða
í árlegum fjármálaáætlunum. Í því felst að markmiðum fjármálaáætlana verður ætlað
að skila betri afkomu sem því nemur. Reynist hagþróun og efnahagsforsendur fyrir
áætlanagerð lakari en nú er gert ráð fyrir er heimilt að ganga á þetta svigrúm til að
aðlaga afkomu hins opinbera í sama mæli. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að stjórn-
völd beiti viðeigandi ráðstöfunum, ef á þarf að halda, til að tryggja að afkoma í fjár-
málaáætlun og fjárlögum verði jafnan umfram svigrúmið sem markað er í fjármála-
stefnunni.

4. Lokamálsgrein orðist svo:

Alþingi staðfestir að fjármálastefna þessi sé samkvæm þeim grunngildum og skilyrðum
sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. og 7. gr. laga um opinber fjármál, að teknu tilliti til
10. gr. laganna. Í samræmi við breyttar afkomu- og skuldahorfur hins opinbera er á
árunum 2020–2022 vikið frá skilyrðum 1.–3. tölul. 7. gr. laganna, svo sem heimilt er
skv. 1. mgr. 10. gr. laganna.

Samþykkt á Alþingi 3. september 2020.